

Starfsáætlun


Grunnskólans í Borgarnesi

2025 – 2026

Eggja- og hnetulaus skóli



STARFSMANNASÁTTMÁLI



Efnisyfirlit

Formáli	5
Framtíðarsýn og stefna skólans	5
Stefnumótun.....	5
Áherslur í skólastarfinu á skólaárinu 2025 - 2026	6
• List og verkgreinar.....	6
• Búbblan.....	6
• Brú.....	6
• Foreldrasamstarf.....	6
• Tölvu og tæknimál.....	6
• Leiðsagnarnám.....	7
• Skólanámskrá.....	7
• Innra mat.	7
• Starfsmannasáttmáli og bekkjarsáttmálar	7
• Stoðþjónustan Við höldum áfram að efla og skerpa.....	7
Starfsfólk	7
Stjórnendur skólans	7
Umsjónarkennarar	7
Símenntunaráætlun	8
Fundarplan	8
Skólaráð.....	9
Foreldrafélag	10
Nemendafélag - Félagsstarf.....	10
Skólareglur.....	11
Samskipti	11
Ástundun	11
Umgengni	11
Heilbrigðar og hollar lífsvenjur	12
Um skólasókn í 1. – 10. bekk	12
Um skólaferðalög.....	13
Uppeldi til ábyrgðar	13
Tilhögun kennslu.....	14

Viðmiðunarstundaskrá skólans.....	14
List– og verkgreinar.....	14
Valgreinar	14
Samstarf við skóla eða stofnanir í sveitarfélaginu	15
Samstarf við nærsamfélagið	15
Viðburðir á skólaárinu	16
Árshátíð	16
Dagur gegn einelti	16
Dagur íslenskrar tungu.	16
Hundraðdagahátíð.	16
Jólaútlarp.	16
Litlu jólin	16
Lyngbrekkuballið	16
Miðstigsleikarnir	16
Skólasetning og skólaslit.....	17
Ofurbekkjarleikarnir	17
Ólympíuhlaup ÍSí.....	17
Öskudagur og Hrekkjavaka	17
Tökum til hendinni.	17
Upplestrarkeppnin	18
Námsmat.....	18
Leiðsagnarmat	18
Matsviðmið og hæfniviðmið.....	18
Einkunnaskali	18
Lykilhæfni.....	18
Einstaklingsáætlanir	18
Innra mat.....	18
Birting og úrbótaáætlun.	19
Aðferðir við innra mat	19
Skóladagatal 2025 – 2026	19
https://dev.borgarbyggd.is/grunnborg/wp-content/uploads/sites/2/2025/06/grunnskoladagatal-2025-2026_lokautgafa.pdf	19
Vettvangsferðir.....	19
Stoðþjónusta skólans	20
Sérkennsla	20
Sérfræðiaðstoð og stoðþjónusta	20

Skrifstofa - forfallatilkynningar	21
Skólabókasafn.....	21
Um námsbækur	22
Frístund	22
Mötuneyti og nesti.....	22
Skólabílar.....	22
Öryggisáætlun	23
Óveður.....	23
Samvinna heimila og skóla	23

Formáli

Stefnu og verklag skólans á að birta með tvennum hætti. Annars vegar skal birta almenna stefnumótun í skólanámskrá (það er hægt að nálgast hana á heimasíðu skólans) undir flípanum nám og kennsla og hins vegar eru upplýsingar, sem eru breytilegar frá ári til árs, birtar í árlegri starfsáætlun. Upplýsingar sem eiga heima í starfsáætlun skólans er að finna í þessu plaggi og á heimasíðu skólans (<https://borgarbyggd.is/stofnun/grunnborg>). Á heimasíðunni er að auki birt ársskýrsla og sjálfsmatsskýrsla skólans.

Framtíðarsýn og stefna skólans

Grunnskólinn í Borgarnesi stefnir að því að vera áfram virkt og skapandi lærdómssamfélag og skipa sér þannig í röð meðal fremstu grunnskóla landsins. Við viljum að það sé eftirsóknarvert að vinna hjá okkur og með okkur, að við verðum skóli sem litið er upp til. Stefnt er að því að bjóða upp á það umhverfi sem gefur einstaklingum rými til að þroskast og eflast þar sem lýðræðisleg vinnubrögð eru í hávegum höfð. Lögð er áhersla á að efla námsárangur nemenda og hvatt verður til þátttöku og félagslegrar virkni hjá einstaklingum og hópum. Stefnt er að því að í skólanum starfi lausnamiðaðir einstaklingar sem styðjast við fjölbreyttar leiðir í námi og kennslu og nýti sér nýjustu tækni við það. Skólinn mun vera í fararbroddi varðandi samvinnu við nærsamfélagið og leggja sig fram um að hafa áhrif í skólasamfélagi Borgarbyggðar. Nú í haust hefjum við þriðja og síðasta árið á innleiðingarferli um leiðsagnarnám, undir handleiðslu Háskólans á Akureyri.

Stefnumótun

Ný skólastefna Borgarbyggðar leit dagsins ljós vorið 2024. Henni er ætlað að setja fram sameiginlega sýn, svo að skólasamfélagið gangi í takt. Þannig er skólastefnan vegvísir að því að efla skólana í Borgarbyggð.

Unnið verður áfram við að styrkja þær stoðir sem eru í stefnu skólans og tengja þær enn betur við daglegt starf, nám og kennslu í skólanum. Stoðirnar sem unnið er eftir eru; Skóli á grænni grein, heilsuefandi grunnskóli og Uppeldi til ábyrgðar auk farsældar barna.

Það er meginstefna skólans að efla nemendur sem einstaklinga, gera þá hæfa til að vinna með öðrum til að taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi sem stöðugt er að taka breytingum. Við viljum sjá ábyrga einstaklinga, sem bera virðingu jafnt fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu, sem láta sér

annt hver um annan, geta unnið með öðrum, hafa dug til að standast þrýsting neikvæðra áhrifa og bera virðingu fyrir mismunandi sjónarmiðum og einstaklingsmun.

Við lítum á hvern árgang sem eina heild sem getur haft mismarga umsjónarkennara. Þetta fyrirkomulag auðveldar okkur að koma betur til móts við hvern og einn nemanda, m.a. með því að skipta í hópa miðað við þarfir, getu og áhuga nemenda.

Til þess að þessi sýn okkar nái fram að ganga þá þarf samstarf heimilis og skóla að vera gott, með velferð nemandans að leiðarljósi.

Áherslur í skólastarfinu á skólaárinu 2025 - 2026

Einkunnarorð skólans **sjálfstæði, ábyrgð, virðing og samhugur** eru burðarstólpar hugmyndafræði skólans, Uppeldis til ábyrgðar. Hugmyndafræðin miðar að því að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga, að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og læra af mistökum í samskiptum.

Þau verkefni sem við leggjum sérstaka áherslu á í vetur eru:

- **List og verkgreinar.** Aukinn fjöldi nemenda kallar á úrlausnir þannig að nemendur fái kennslu í list- og verkgreinum samkv. Aðalnámskrá.
- **Búbblan.** Skólinn þróar áfram leiðir til að efla farsæld barna og ungmenna með áherslu á umburðarlyndi, fjölbreytileika og inngildingu í gegnum fjölbreytt skapandi starf. Byggt er á þeim grunni sem nú þegar hefur verið lagður með velferðarkennslunni og hefur nú verið bætt við opnu rými sem nýtt verður fyrir ýmsa skapandi vinnu með nemendum. Skólinn fékk styrk úr Sprotasjóði til að þróa þetta verkefni og heldur þróunarvinna áfram í vetur. Kristín Erla Einarsdóttir er verkefnastjóri velferðar.
- **Brú.** Móttaka og kennsla erlendra nemenda. Brú er móttökudeild fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku. Markmið deildarinnar er að koma til móts við hvern nemanda þannig að námið gangi sem best í íslensku. Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir er verkefnastjóri ÍSAT.
- **Foreldrasamstarf.** Lögð verður áhersla á samstarf við foreldra, fá þá inn í skólann oftar en venja er og að borðinu þar sem það á við.
- **Tölvu og tæknimál.** Í vetur verður lögð áhersla á að efla upplýsinga- og tæknimennt og auka fjölbreytta kennsluhætti. Hver nemandi í 8.-10.bekk fær sína fartölvu til afnota í skólanum. Verkefnastjóri tölvumála er Sigurður Jónsson.

- **Leiðsagnarnám.** Í haust hefja kennarar þriðja og síðasta árið í innleiðingarferli á Leiðsagnarnámi sem við gerum í samvinnu við Miðstöð Skólaþróunar Háskólans á Akureyri. Símenntunaráætlun nær til þriggja skólaára í senn en er endurskoðuð árlega.
- **Skólanámsskrá** verður endurskoðuð. Í vetur mun endurskoðun á skólanámsskrá skólans halda áfram sem og endurskoðun á skólareglum. Við munum fá nemendur og foreldra auk starfsfólks skólans að borðinu við þá vinnu. Í nýrri útgáfu skólanámsskrár er miðað við að einkunnarorð skólans og uppeldisstefnan séu sýnileg.
- **Innra mat.** Ýmis matstæki eruð notuð við innra mat skólans, svo sem vefsvæðið Bravo Lessons, MoodUp, Skólapúlsinn, starfsmannasamtöl og einnig eru framkvæmd nemendaviðtöl tvisvar á ári.
- **Starfsmannasáttmáli og bekkjarsáttmálar** eru gerðir á hverju hausti sem starfsmenn og nemendur vinna eftir.
- **Stoðþjónustan** Við höldum áfram að efla og skerpa á stoðþjónustu skólans og munu þeir aðilar sem sinna stoðþjónstu funda reglulega og endurmeta hvar styrkleikar þeirra nýtast nemendum okkar sem best. Júlía Guðjónsdóttir stýrir þessu þróunarstarfi í vetur.

Starfsfólk

Stjórnendur skólans

Guðlaug Erlendsdóttir er skólastjóri, Arna Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri, Hulda Hrönn Sigurðardóttir deildarstjóri unglingastigs, Kolbrún Þórhildur Gunnarsdóttir deildarstjóri yngsta- og miðstigs og Júlía Guðjónsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu.

Eins og alltaf er lögð sérstök áhersla á að stjórnendur vinni vel saman sem teymi og beri sameiginlega ábyrgð á daglegri stjórnun skólans og faglegri þróun hans. Stjórnendur vinna jafnframt eftir stefnu og einkunnarorðum skólans og leggja sig fram um að efla faglegan styrk hans í samvinnu við kennara og starfsfólk.

Umsjónarkennarar

Umsjónarkennarar gegna mikilvægu hlutverki í öllu skólastarfi, þeir eru í lykilhlutverki í farsælu samstarfi heimila og skóla. Þetta skólaár hafa eftirtaldir kennarar umsjón:

Bekkur	Umsjón
1. bekkur	Heiðrún Harpa Marteinsdóttir og Hólmfríður Ólafsdóttir
2. bekkur	Sigrún Sveinsdóttir og Steinunn Bjarnadóttir

3. bekkur	Sigrún Sigurðardóttir og Sylvía Ósk Rodriques
4. bekkur	Sandra Dögg Björnsdóttir og Íris Sveinbjörnsdóttir
5. bekkur	Marínó Muggur Þorbjarnarson og Íris Sól Þrastardóttir
6. bekkur	Bjarni Bachmann og Fjóla V. Guðjónsdóttir
7. bekkur	Einar S. Sigurðsson og Linda Ólafsdóttir
8. bekkur	Jón H. Baldvinsson og Haraldur Már Stefánsson
9. bekkur	Sigríður Arnardóttir og Ása Erlingsdóttir
10. bekkur	Birna Hlín Guðjónsdóttir og Ísak Atli Hilmarsson

Símenntunaráætlun

Kennarar skólans eru að hefja þriðja og síðasta veturinn í leiðsagnarnámi en auk þess fóru allir starfsmenn skólans á skyndihjálparnámskeið Rauða krossins nú í haust. Á starfsdögum í ágúst sátu nýir starfsmenn skólans námskeið í Uppeldi til ábyrgðar auk þess sem boðið var upp á upprifjun fyrir þá starfsmenn sem hafa unnið samkvæmt Uppbyggingastefnunni.

Skólinn leggur áherslu á fjölbreytta kennsluhætti og líkt og áður, styður skólinn við starfsmenn sem sækja sér endurmenntun að eigin frumkvæði.

Fundarplan

Fundir	Hvenær	Ábyrgð
Starfsmannafundir	Á 5 - 6 vikna fresti	Skólastjóri
Stigsfundir	Einu sinni í viku	Deildarstjórar
Teymisfundir stjórnenda	Einu sinni í viku	Skólastjóri
Fundir með starfsmönnum mötuneyta	Eftir þörfum	Yfirmaður mötuneytis
Fundir með stuðningsfulltrúum	Reglulega	Aðstoðarskólastjóri
Fundir með skólabílstjórum	Í upphafi skóla	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri
Skilafundir milli leik-og grunnskóla	Eftir þörfum	Deildarstjóri stigs
Skilafundir sérkennara með sérfræðingum skólaþjónustu, umsjónarkennara og foreldrum	Eftir þörfum	Deildarstjóri stigs og stoðþjónustu

Teymisfundir með foreldrum, umsjónarkennara og sérfræðipjónustu	Eftir þörfum	Deildarstjóri stigs og/eða deildarstjóri stoðþjónustu
Nemendavernd	Einu sinni í mánuði	Skólastjóri/Deildarstjóri stoðþjónustu
Lausnateymi	Hálfsmánaðarlega	Verkefnastjóri velferðar
Skólaráðsfundir	Annan hvern mánuð	Skólastjóri
Öryggisnefnd	Mánaðarlega	Húsvörður

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd getur, sbr. 6. gr.laga um grunnskóla nr. 91/2008, með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á starfi þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi skólaráða í samráði við samtök sveitarfélaga, kennara og foreldra (8. gr. laga nr. 91/2008).

Skipan skólaráðs skólaárið 2024 - 2025 var sem hér segir:

Skólastjóri: Guðlaug Erlendsdóttir

Fulltrúar kennara: Þórhildur K. Bachmann og Helena Guðmundsdóttir

Fulltrúi starfsfólks án kennsluskyldu: Fanney Þorkelsdóttir

Fulltrúar foreldra: Bogi Örn Emilsson og Sólveig Ólafsdóttir

Fulltrúi foreldra/grenndarsamfélags:

Fulltrúar nemenda: Rikka Emelía Einarsdóttir og Brynjar Þór Þorsteinsson.

Kosið verður í nýtt skólaráð á haustdögum 2025.

Fundargerðir og aðrar upplýsingar um skólaráð má sjá á heimasíðu skólans.
<https://borgarbyggd.is/stofnun/grunnborg/sidur/skolinn/skolarad>

Foreldrafélag

Við Grunnskólann er starfrækt foreldrafélag sem þjónar hagsmunum foreldra og nemenda. Tilgangur félagsins er:

- Að koma á virku sambandi á milli skólans og heimila nemenda.
- Að stuðla að framgangi ýmissa mála í þágu skólans.

Foreldrar barna í hverjum árgangi mynda deild í foreldrafélagi, sem sinnir foreldrastarfi í viðkomandi árgangi. Í upphafi skólaárs ár hvert skal hver deild kjósa tvenna foreldra fyrir hvorn bekk sem foreldrafulltrúa, sem fráfarandi foreldrafulltrúar og umsjónarkennarar skulu gera tillögu um. Í stjórn félagsins fyrir skólaárið 2024 -2025 eru Bogi Örn Emilsson og Sólveig Ólafsdóttir.

Kosið verður í nýja stjórn félagsins í september 2025.

Á heimasíðu skólans má finna upplýsingar um félagið.

<https://borgarbyggd.is/stofnun/grunnborg/sidur/nemendur-og-foreldrar/foreldrafelag/foreldrafelag>

Nemendafélag - Félagsstarf

Stjórn Nemendafélags Grunnskólans í Borgarnesi (NFGB) er skipuð nemendum úr 8. – 10. bekk og skal vera ráðgjafi skólastjórnenda um ýmis málefni nemenda, t.d. félagsmál, tómstundir og starfsaðstöðu. Stjórnin fundar með deildarstjóra og leiðbeinanda eins oft og þurfa þykir. Fastur fundartími er einu sinni í viku. NFGB sér um að skipuleggja það starf sem fellur beint undir skólann. Fyrst og fremst eru þetta viðburðir fyrir elsta stig.

Stjórn NFGB setur upp dagskrá yfir viðburði vetrarins. Dagskráin er kynnt í september (fram að áramótum) og í janúar (fram í maí). Reynt er að hafa dagskrána fjölbreytta til að höfða til sem flestra. Þess er gætt að kynna nemendur 7. bekkjar fyrir starfinu þegar líður að vori og leiðbeina þeim um þátttöku í ýmsum viðburðum.

Stjórn Nemendafélagsins skólaárið 2025 - 2026 skipa:

Kristný Halla Bragadóttir, formaður

Hörður Einarsson, varaformaður

Karín Ósk Ívarsdóttir, gjaldkeri

Porkell Bergmann Halldórsson, ritari
Rakel María Pálmadóttir, meðstjórnandi
Svandís Svava Halldórsdóttir, meðstjórnandi
Edward Ingi Scott, tæknistjóri
Guðjón Guðmundsson, aðstoðar tæknistjóri
Björn Ýmir Kristófersson aðstoðar tæknistjóri

Skólareglur

Skólareglur gilda á skólatíma og í öllu starfi á vegum skólans, þar með talið í skólaferðalögum, í skólabílum, í tómstundaskóla, í mötuneyti, á bekkjarkvöldum, á diskótekum og í Íþróttamiðstöðinni á skólatíma. Skólareglurnar eru til endurskoðunar á þessu skólaári.

Samskipti

Starfsfólk skólans lætur sig varða samskipti nemenda og leggur sig fram um að líðan þeirra innan og utan skólans sé sem best. Brugðist verður við vandamálum eins og félagslegri einangrun og einelti (sbr. eineltisáætlun skólans) eins fljótt og vel og kostur er. Mestu skiptir að í skólanum mæti nemendur hlýju viðmóti ásamt festu og öryggi.

- Allt starfsfólk lætur sig varða velferð nemenda og er þeim góð fyrirmynd.
- Starfsfólk og nemendur virða skólareglur og ríkja skal gagnkvæm virðing í samskiptum.
- Samskipti í skólanum grundvallast af kurteisi, gagnkvæmri virðingu og tillitsemi.
- Við gætum þess að virða rétt annarra í námi, starfi og leik.

Ástundun

Skólinn hvetur starfsfólk og nemendur til að sýna jákvæðni og vinna öll sín störf af alúð (eins vel og þeir geta). Slík vinnubrögð leiða af sér ánægju, góðan starfsanda og góðan árangur. Verum stundvís. Leyfi og veikindi á að tilkynna eins fljótt og unnt er til ritara. Leyfi í einn til tvo daga skal sækja um til umsjónarkennara en lengri leyfi skal sækja um skriflega til skólastjóra. Hægt er að nálgast þar til gert eyðublað inni á heimasíðu skólans.

- Mætum vel undirbúin hvern dag, skilum heimavinnu og verum með þau gögn sem nota á hverju sinni.
- Mætingarreglur í eldri deild eru birtar á heimasíðu skólans.

Umgengni

Allir eru hvattir til að ganga vel um skólann sinn, eigur hans, nemenda og starfsfólks. Snyrtilegt og fallett vinnumhverfi eykur vellíðan allra.

- Nemendum er ekki heimilt að yfirgefa skólalóðina á skólatíma nema með leyfi umsjónarkennara. Nema skilað hafi verið inn leyfisbréfi undirrituðu af foreldrum.
- Við notum ekki línuskauta, reiðhjól, hlaupahjól eða hjólabretti á skólalóð á skólatíma.
- Notkun farsíma, leikjatölva eða annars sem veldur truflun í kennslustundum er ekki leyfð. Kennari getur leyft notkun tækja til að hlusta á tónlist, enda noti nemendur þá viðeigandi heyrnartól.
- Við erum ábyrg fyrir því tjóni sem við kunnum að valda öðrum, hvort sem um er að ræða líkamstjón eða tjón á búnaði.

Heilbrigðar og hollar lífsvenjur

Skólinn hvetur nemendur og starfsfólk sitt til að ástunda heilbrigðar og hollar lífsvenjur. Ein af forsendum þess að okkur líði vel og við getum stundað störf okkar af ýtrustu kostgæfni er að við séum í góðu líkamlegu ástandi, séum útsofin og borðum hollan mat.

- Ávaxtastund er í boði í nestistíma að morgni.
- Taki nemendur með sér nesti, skal það vera hollt og næringarríkt. Neysla sælgætis og gosdrykkja er einungis leyfð til hátíðabrigða.
- Notkun tóbaks og annarra vímuefna er stranglega bönnuð.

Um skólasókn í 1. – 10. bekk

Hver nemandi í 1. - 10. bekk byrjar með skólasóknareinkunnina 10 í upphafi hverrar annar.

Fjarvistir og óstundvísi koma til frádráttar upphaflegri einkunn, samkvæmt eftirfarandi reglum:

- Of seint (S):** Nemandi sem kemur eftir að kennsla er hafin fær Seint. Ef nemandi kemur eftir að tími er hálfnaður fær hann F (fjarvist). Fyrir S í bekkjarskrá er frádráttur 0,25 stig.
- Fjarvistir (F):** Fyrir F í bekkjarskrá er frádráttur 0,5. Ef nemandi er fjarverandi skal umsjónarkennari, með aðstoð ritara, leita skýringa á því og meta síðan fjarvistir hans til frádráttar.
- Nemandi sem sefur yfir sig skal fá eitt S (sein)t þegar hann sefur yfir sig í fyrsta sinn (þó hann missi af fleiri en einum tíma). Í annað sinn fær hann S fyrir alla þá tíma sem hann mætti ekki í. Komi þetta fyrir oftari skal viðkomandi fá F (fjarvist) fyrir þá tíma sem ekki var mætt í.

Umsjónarkennari skal skoða einkunn fyrir skólasókn í umsjónarbekk sínum einu sinni í viku og senda foreldrum stöðuna einu sinni í mánuði.

Viðbrögð við brotum á mætingarreglum:

8,5 Umsjónarkennari ræðir við nemanda og foreldra.

7,0 Umsjónarkennari sendir foreldrum bréf og gerir þeim grein fyrir stöðu mála.

5,5 Skólastjóri sendir foreldrum bréf og gerir þeim grein fyrir stöðu mála og boðar þá á fund skólastjórnenda. Málið tilkynnt nemendaverndarráði sem fjallar um málið og virkjar stoðkerfi skólans.

Fari nemandi niður í 2,0 í skólasóknareinkunn verður málið tilkynnt til barnaverndar.

Um skólaferðalög

Vel skipulögð skólaferðalög og vettvangsferðir eru jákvæður og nauðsynlegur þáttur í skólastarfinu. Í öllum skólaferðalögum og vettvangsferðum gilda skólareglur og eiga nemendur að hlíta þeim. Nemandi sem ekki fer í vettvangsferð eða skólaferðalag skal mæta í skólann til annars skólastarfs. Heimilt er að vísa nemanda úr skólaferðalagi ef hann verður uppvís að því að brjóta reglur skólans. Við slíkar aðstæður skal senda hann heim á kostnað foreldra.

Verum sjálfum okkur til sóma í öllum ferðalögum.

Uppeldi til ábyrgðar

Við erum Uppbyggingarskóli og það á að endurspeglast í öllu skólastarfi.

Við leggjum sérstaka áherslu á geðrækt og eflingu sjálfsmyndar í starfinu. Þar fléttast saman verkefni Uppeldis til ábyrgðar og Heilsueflandi skóla að mörgu leyti og allt fellur þetta vel að markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Bekkjarsáttmáli er unninn í upphafi skólaárs. Hann er samkomulag nemenda og starfsmanna um gildi sem þykja mikilvægust í hverjum bekk. Það er mikilvægt að nemendur finni að þeir hafi átt þátt í að semja hann og hann sé samkomulag þeirra um vinnuaðstæður í bekknum og samskipti við aðra.

Við höfum nú kennara, Sæbjörgu sem hefur öðlast réttindi til að leiðbeina og kenna starfsfólki leiðir Uppeldis til ábyrgðar í þeim tilgangi að skapa jákvæðan og nærandi skólabrag. Í skólabyrjun var námskeið fyrir starfsmenn og leshringir hafa verið myndaðir til að auka þekkinguna.

Tilhögun kennslu

Viðmiðunarstundaskrá skólans

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Íslenska	10	10	6	6	6	6	6	6	6	6
Erlend tungumál - Enska				2	2	2.5	3	4	4	4
Erlend tungumál - Danska						2	2	3	3	3
List og verkgreinar	1.5	1.5	3.75	3.75	4.5	4.5	4.5	3	3	3
Val		1.5	1.5	1.5	2	2	2	3	3	3
Náttúrugreinar	2	2	2	3	3	3	3	3	3	3
Skólaíþróttir	3	3	3	3	4	3	3	3	3	3
Samfélagsgreinar	2	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Matartímar	1	1	1	1	1	1	1			
Stærðfræði	5	5	5	5	5	5	5	6	6	6
Upplýsingamennt	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Til ráðstöfunar/umsjón	4.5	2	3.75	1.5	5	3.5	3	2	2	2
Vikustundir alls	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37

Í stundaskrár nemenda er nánari útfærsla á viðmiðunarstundatöflu skólans og eru þær aðgengilegar foreldrum og nemendum á heimasvæði foreldra og nemenda á Mentor.is.

List- og verkgreinar

List- og verkgreinar eru kenndar í lotum eins og verið hefur þannig að nemendur eru einungis í einni grein hverju sinni.

Valgreinar

Á yngsta stigi er val í eina og hálfa kennslustund á viku, ýmist kennt í hringekju þar sem nemendur fara á mismunandi stöðvar og skipta vikulega um stöð eða að þeir velja sér viðfangsefni og eru í því vali í nokkrar vikur í senn.

Á miðstigi eru tvær kennslustundir á viku í vali. Nemendur í 5. – 7. bekk velja viðfangsefni eftir áhuga, þvert á bekk og blandast þá í hópa innan stigsins þar sem fengist er við skapandi og spennandi viðfangsefni. Valið skiptist upp í fjórar lotur, tvær fyrir áramót og tvær eftir áramót og er boðið uppá sex til sjö námskeið í hverri lotu.

Val í unglingadeild verður með tvennum hætti annars vegar fer fram val einu sinni í viku sem er ein og hálf kennslustund. Kennt er í fjórum lotum, tvær lotur fyrir áramót og tvær eftir áramót. Boðið verður upp á sjö til níu námskeið í hverri lotu en ef ekki er næg þátttaka í einstaka námskeiðum falla þau niður. Kennsla í vali er í höndum kennara skólans. Hins vegar er vali í unglingadeild mætt með smíðjuhelgum. Nemendur eru einum tíma skemur á viku í skólanum

en viðmið gera ráð fyrir, en í staðinn vinna þeir með þessum hætti eina helgi á önn. Smiðjurnar verða haldnar tvisvar sinnum á skólaárinu, fyrir og eftir áramót. Á smiðjuhelgi er boðið uppá sjö til átta námskeið og velur nemandi sér eitt námskeið og tvö til vara. Unnið er í smiðjum frá 14:30 á föstudegi til 18:30 og síðan frá 8:30 til 14.30 á laugardegi.

Þeir nemendur sem sitja í stjórn Nemendafélagsins eða eru tæknimenn sinna stjórnarstörfum sem valáfanga 1,5 kest. á viku. Þeir sem stunda afreksíþróttir, eru í tónlistarskóla eða eru í námi í MB eða öðrum framhaldsskóla geta einnig sótt um undanþágu frá vali 1,5 kest. á viku. Skila þarf inn undirskrifaðri staðfestingu til deildarstjóra til að fá undanþágu.

Samstarf við skóla eða stofnanir í sveitarfélaginu

- Samstarf við Menntaskóla Borgarfjarðar heldur áfram þegar við á. Þá stunda nemendur nám í einni eða fleiri námsgrein við MB samhliða námi í 10. bekk en þessir nemendur hafa þá lokið grunnskólaprófi í viðkomandi námsgreinum.
- Samstarf við leikskólana byggist á samræðu vegna komu nemenda frá leikskóla í grunnskólann. Þá fara nemendur 1. bekkjar í heimsókn að hausti í sinn gamla leikskóla. Á degi íslenskrar tungu fara nemendur 4. bekkjar og lesa fyrir leikskólanemendur. Uppfærð starfsáætlun er til staðar milli skólastiganna.
- Grunnskólarnir hafa mikið samstarf. Meðal annars eru kennarar beggja skólanna í leiðsagnarnámi og hittast vegna þess, samskipti á yngsta stigi vegna byrjendalæsis og stjórnendur funda einu sinni í mánuði.
- Samstarf við Listaskólann er í þróun og eflist með hverju árinu.
- Óðal er félagsmiðstöð fyrir unglinga í Borgarbyggð og taka nemendur í Grunnskólanum í Borgarnesi einnig þátt í starfinu þar og eiga sína fulltrúa í stjórn. Þar er boðið uppá félagsstarf fyrir 10–16 ára unglinga í frítímanum og lögð áhersla á fjölbreytt viðfangsefni.

Samstarf við nærsamfélagið

Í mörg ár hefur skólinn átt gott samstarf við ýmis fyrirtæki bæjarins sem hafa tekið nemendur í starfsnám í lengri eða skemmri tíma, svo er einnig nú. Starfskynningar 10. bekkinga eru í maí í samstarfi við Rótarý-klúbb Borgarness. Verkefnið nær yfir þrjá daga. Fyrri tvo dagana eru nemendur í starfskynningu í fyrirtækjum og þann þriðja vinna þeir kynningu um starfsnámið. Kynningin er flutt á fundi hjá Rótarýklúbbum. Klúbbfélagar velja þrjár bestu kynningarnar og sigurvegararnir fá afhent verðlaun á skólaslitum.

Við skólann er val sem kallast IÐN. Þeir nemendur sem velja sig í það fara í fyrirtæki á svæðinu og vinna. Boðið er upp á það val allan veturinn.

Viðburðir á skólaárinu

Árshátíð er haldin síðasta fimmtudag fyrir páska.

Dagur gegn einelti. 8. nóvember er helgaður baráttunni gegn einelti. Þá hittast vinabekkir og gerður er einn sameiginlegur viðburður s.s. að faðma skólann eða búa til hjarta í sal eða á íþróttavelli.

Dagur íslenskrar tungu. Sem næst 16. nóvember fer 4. bekkur í leikskólanna og les fyrir nemendurna.

Hundraðdagahátíð. Þegar 100 dagar eða því sem næst er haldin hátíð á yngsta stigi. Þá er unnið með tugakerfið á margvíslegan hátt.

Jólaútlarp. Stjórn nemendafélagsins skipuleggur jólaútlarp og sér um útsendingar. Það er starfrækt eina viku á aðventu sem í ár er vikan 8. – 12. desember. Nemendur og bekkir semja og undirbúa útlarpsþætti að hluta til á skólatíma undir stjórn kennara. Allt utanumhald tæknimála, söfnun auglýsinga og fleira er í höndum stjórnar NFGB undir leiðsögn deildarstjóra unglingstigs og fer ágóðinn til nemendafélagsins. Fjármunir sem safnast vegna auglýsinga fara í sjóð nemenda. Nemendum úr Grunnskóla Borgarfjarðar, Laugargerðisskóla og Menntaskóla Borgarfjarðar er boðið að vera með þætti. Allir nemendur á unglingastigi útbúa þátt, en hafa val um hvort þeir flytja hann í beinni útsendingu en þættir yngri bekkja eru teknir upp fyrirfram. Þættir í jólaútlarp eru hluti af verkefnum í íslensku.

Litlu jólin eru 19. desember. Hver bekkur heldur stofujól með sínum umsjónarkennara. Að þeim loknum er dagskrá í í sal skólans. Þar flytja nemendur úr 3. og 4. bekk helgileik. Að auki sjá 6. og 10. bekkur um skemmtiatriði. Í lokin dansa allir saman kringum jólatréð.

Lyngbrekkuballið er haldið af samstarfsskólunum og er að vori. Það er fyrir 8. – 10. bekk.

Miðstigsleikarnir eru haldnir í ágúst eða í byrjun september ár hvert. Þar keppa nemendur 5.-7. bekkjar við nemendur frá Auðarskóla í Búðardal, Reykhólaskóla og Grunnskóla Borgarfjarðar. Íþróttakennarar sjá um skipulagninguna og skiptist Grunnskóli Borgarness og Grunnskóli Borgarfjarðar að sjá um þessa leika.

Skólasetning og skólaslit. Skólasetning fer fram í íþróttasalnum, þar safnast allir nemendur, foreldrar og starfsmenn skólans saman. Að lokinni skólasetningu fara allir upp í skóla þar sem umsjónarkennarar taka á móti sínum bekk og nemendur fá afhentar stundatöflur. Kennsla hefst svo samkvæmt stundatöflu næsta virka dag eftir sólasetningu.

Skólaslitin eru tvískipt, fyrst fyrir 1. - 9. bekk, en seinni part dags fyrir 10. bekk. 1. - 9. bekkur safnast saman á skólalóð. Þaðan liggur leiðin á íþróttasvæði og í Skallgrímogarð. Marsarað er undir trommuslætti. Farið er í ratleik um bæinn eða skipulagða leikjadagskrá. Því næst eru grillaðar pylsur. Í lokin eru vitnisburðarblöð afhent. Útskrift 10. bekkjar er við hátíðlega athöfn í Hjálmakletti. Veisluhöld eru í boði foreldra.

Ofurbekkjaleikarnir er keppni í óhefðbundnum greinum fyrir eldri deild og hafa verið haldnir á vorin, en verða í september á þessu skólaári. Íþróttakennarar hafa haldið utanum skipulagninguna á þessum degi en hver umsjónakennari tekur þátt með sínum bekk. Aðrir kennarar aðstoða eftir þörfum. Þetta er árgangakeppni. Árgangarnir hafa verið með mismundandi þema (búninga) þennan dag. Keppt er um ofurbekkjaleika bikarinn.

Ólympíuhlaup ÍSÍ er fyrir nemendur í öllum bekkjum. Hlaupið er skipulagt af íþróttakennurum, en aðrir kennarar og starfsmenn aðstoða t.a.m. við umferðaröryggi. Keppendur geta valið um að hlaupa 2,5 eða 5 km. Allir þátttakendur fá viðurkenningu fyrir þátttökuna.

Öskudagur og Hrekkjavaka. Þessa daga koma nemendur í búningum og ýmislegt gert til gamans í árgöngum.

Tökum til hendinni. Er eitt af vorverkefnum er tiltektardagurinn okkar. Þá hreinsa nemendur nánasta umhverfi skólans. Umsjónarkennarar ákveða hvenær vikunnar farið verður og sjá um að skipuleggja hjá sínum árgangi.

- 1. & 2. bekkur - Kveldúlfsvöllur og Löggufjaran.
- 3. & 4. bekkur - Englendingavík, Vesturnes/Settutangi og göngustígur niður á fótboltavöll.
- 5. bekkur - Við Íþróttahús, Skallagrímogarður og skólalóð.
- 6. bekkur - Þorsteinsgata og Kjartansgata frá Íþróttahúsi - niður á Kjartansgötuvöll.
- 7. bekkur - Borgarbraut/Brákarbraut: Frá brúnni út í Eyju - Klettaborg.
- 8. bekkur - Göngustígur meðfram Kjartansgötu og Kveldúlfsgötu að Klettaborg.
- 9. & 10. bekkur - Við íþróttavöll og klettarnir og Bjössaróló.

Upplestrarkeppnin er viðburður í 7. bekk, Umsjónarkennarar sjá um skipulag ásamt deildarstjóra og keppt er við nemendur samstarfsskólanna. Keppnin fer fram á vorönn.

Hér er ekki um tæmandi lista að ræða.

Námsmat

Leiðsagnarmat byggir á markmiðum og hæfni sem stefnt er að. Nemendur fá endurgjöf um hvernig þeir geta bætt sig. Lokamat er gefið í lok skólaárs eða við útskrift úr grunnskóla og byggist á frammistöðu nemenda, oft metið með bókstöfum.

Matsviðmið og hæfniviðmið

- Matsviðmið í Aðalnámskrá fyrir 10. bekk eru notuð við útskrift og lýsa hæfni nemenda á skala frá A til D.
- Hæfniviðmið lýsa markmiðum námsins, því sem nemendur eiga að geta við lok námstíma.

Einkunnaskali

- A: Framúrskarandi hæfni.
- B: Góð hæfni.
- C: Sæmileg hæfni.
- D: Hæfni ábótavant.
- Einnig er notað B+ og C+ fyrir nemendur á mörkum A og B.

Lykilhæfni felur í sér grunnþætti eins og samskiptafærni, skapandi hugsun, sjálfstæði, samvinnu, notkun á miðlum, ábyrgð á eigin námi og mat á eigin vinnubrögðum. Lykilhæfni er metin samhliða öðru námsmati í hverri grein.

Einstaklingsáætlanir. Nemendur í sértæku námsmati vinna eftir einstaklingsáætlunum og fá matsviðmið sem eru sérsniðin fyrir þá. Foreldrar fá upplýsingar og skrifa undir.

Þess ber að geta að skólaárið 2025-2026 mun Grunnskólinn í Borgarnesi hefja vinnu við innleiðingu á nýjum hæfniviðmiðum og er kaflinn hér að ofan birtur með þeim fyrirvara.

Innra mat

Skólar skulu meta árangur og gæði skólastarfs með kerfisbundnum hætti, og matið skal framkvæmt af starfsmönnum, foreldrum og nemendum. Í innra mati felst að starfsfólk skólans meti sitt eigið starf, kennslu, nám og þjónustu í samræmi við skólanámskrá og Aðalnámskrá grunnskóla. Tilgangur matsins er að bæta gæði skólastarfsins, finna styrkleika og það sem þarf að laga, svo nemendur fái rétta þjónustu.

Birting og úrbótaáætlun. Niðurstöður innra mats skulu birtar opinberlega, og sveitarfélög bera ábyrgð á að tryggja framkvæmd matsins og fylgja eftir úrbótum. Á grundvelli niðurstaðna skal gera tímasetta úrbótaáætlun sem sé raunhæf og markvisst fylgt eftir.

Aðferðir við innra mat

- Í skólanum er Innra mat í höndum innramatsteymis. Gögn sem lögð eru til grundvallar mati eru Skólapúlsinn, starfsmannasamtöl og kannanir til starfsfólks, foreldra og nemenda.
- Skólinn hefur ákveðið að nýta vefkerfið Bravo Lessons til að einfalda og bæta innra mat. Það er í innleiðingu og verður þróað áfram í vetur.
- Auk þess er mælitækið Moodup lagt fyrir alla starfsmenn skólans nokkrum sinnum yfir skólaárið.

Skóladagatal 2025 – 2026

Skóladagatal fyrir árið 2025-2026 er að finna á eftirfarandi slóð:

https://dev.borgarbyggd.is/grunnborg/wp-content/uploads/sites/2/2025/06/grunnskoladagatal-2025-2026_lokautgafa.pdf

Vettvangsferðir

Vettvangsferðir eru m.a. leið skólans til að, tengja námið veruleikanum utan skólastofunnar og færa þannig bóklegt nám nær reynsluheimi nemandans hverju sinni. Þessi listi er áætlun um lengri vettvangsferðir komandi vetrar:

- 1. bekkur: Heimsókn í leikskóla að hausti. Sveitaferð að vori
- 2. bekkur: Heimsókn á Landnámssetrið. Einkunnir/Hafnarskógur að vori.
- 3. bekkur: Fjöruferð eða fjallaferð að vori.
- 4. bekkur: Hvanneyri/Ullarsel og búvélasafn að vori. Farið í heimsókn í leikskólana í tilefni af degi íslenskrar tungu og lesið fyrir leikskólanemendur.
- 5. bekkur: Þjóðminjasafn að vori.
- 6. bekkur: Heimsókn á Landnámssetrið og Snorrastofa í Reykholti að vori.
- 7. bekkur: Námsferð að Reykjum í febrúar. Faxaflóahafnir – sjóferð um Faxaflóa með skólaskipinu Dröfn.
- 8. bekkur: Stutt ferð um Vesturland að hausti. Gisting eina nótt.

Skiðaferð. Þessi ferð er tveggja daga ferð með gistingu. Skipulögð í samstarfi við stjórnendur, foreldra og nemendafélag skólans.

- 9. bekkur: Skólabúðirnar í Vindáshlíð.

10. bekkur: Dagsferð að hausti. Tveggja, til þriggja daga ferð að vori. Þessi ferð skal skipulögð í samstarfi við stjórnendur, foreldra og nemendur árgangsins.

Stoðþjónusta skólans

Stefna skólans fyrir nemendur með sérþarfir

Grunnskólinn í Borgarnesi tekur á móti öllum nemendum í sínu skólahverfi og kennir án aðgreiningar, en mætir ólíkum þörfum nemenda eins vel og hægt er. Stefna sérkennslu er í samræmi við grunnskólalög, reglugerðir og aðalnámskrá með það markmið að hver nemandi nái árangri miðað við eigin forsendur.

Sérkennsla byggist á umsóknum frá umsjónarkennara. Deildarstjórar forgangsraða og úthluta tímum eftir þörfum nemenda og aðstæðum skólans. Fjölbreyttir kennsluhættir eru notaðir til að mæta fjölbreyttum þörfum. Sérkennsla getur verið:

- Stuðningur við minni hópa eða einstaka nemendur í bekk.
- Kennsla í litlum hópum eða einstaklingskennsla í sérkennslustofu.

Sérfræðiaðstoð og stoðþjónusta

- **Lausnateymi.** Umsjónarkennari, í samráði við foreldra, getur óskað eftir greiningu eða ráðgjöf ef áhyggjur vakna um stöðu, þroska eða líðan nemenda.
- **Skólahjúkrunarfræðingur,** Oddný Böðvarsdóttir, sér um heilsuvernd, fræðslu og forvarnir og situr í nemendaverndarráði.
- **Sálfræðingar og talmeinafræðingar** frá skólaþjónustu Borgarbyggðar veita greiningar og ráðgjöf, en eru ekki með fasta viðveru í skólanum.
- **Þroskaþjálfar** eru þrír í skólanum og vinna bæði með einstaka nemendur og hópa með kennurum og í samráði við þá.
- **Búbblan** er starfsemi innan skólans og þar starfar Kristín Erla Einarsdóttir verkefnastjóri velferðar. Þar er unnið að sétækum málum nemenda hvað varðar hegðun og líðan.
- **Brú** er námsver fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir er verkefnastjóri og stýrir starfinu.
- **Málstjórar** á vegum skólaþjónustunnar koma að málefnum einstakra nemenda.
- Handbók skólaþjónustu

- Skólaþjónusta Borgarbyggðar hefur gefið út handbók um skólaþjónustu sem er aðgengileg á vefnum <https://dev.borgarbyggd.is/wp-content/uploads/2024/01/Handbok-skolathjonustu-skolaarid-2023-2024-4.-utgafa.pdf>

Skrifstofa - forfallatilkynningar

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 7:30 kl. 15:00 alla virka daga.

Foreldrar tilkynna forföll barna sinna til ritara skólans í síma 433-7400 fyrir skólabyrjun eða skrá þau sjálf í gegnum Mentor. Ef nemandi þarf að fá leyfi skal haft samband við umsjónarkennara en sé um lengri tíma að ræða en tvo daga skal sækja um það skriflega. Umsóknareyðublað er á heimsíðu skólans <https://dev.borgarbyggd.is/grunnborg/wp-content/uploads/sites/2/2023/12/Umsokn-um-leyfi-fyrir-nemanda.pdf>

Það er ábyrgð foreldra að sjá til þess að nemendur vinni upp það námsefni sem þeir missa af í lengra leyfi.

Mentor.is er heildstætt upplýsingakerfi með vefviðmóti sem eykur upplýsingaflæði innan skólans og til foreldra. Megintilgangur kerfisins er að auðvelda vinnu kennara og skólastjórnenda, að auka möguleika foreldra á að fylgjast með skólagöngu barna sinna og auka þátttöku þeirra í skólastarfinu.

Kennarar munu nýta Mentor m.a. til að:

- Skrá mætingar og ástundun daglega.
- Halda utan um námsmat/hæfnikort nemenda.
- Skrá heimavinnu nemenda (hægt að skrá hvort heimavinnu var skilað).
- Skrá í dagbækur nemenda þegar þurfa þykir.
- Gera kennsluáætlanir

Foreldrar eru hvattir til að fylgjast með framvindu náms barna sinna á Mentor.is.

Athugið - foreldrar geta skráð veikindi barna sinna – tvo daga í senn í gegnum Mentor.

Skólabókasafn

Skólasafnið er upplýsingamiðstöð fyrir nemendur, kennara og starfsfólk með safnkost upp á rúm níu þúsund eintök, þar á meðal kennslubækur, fræðibækur, barna- og unglingabækur, tímarit, veggspjöld, tón- og mynddiska. Allur safnkostur er skráður í Gegni og aðgengilegur á netinu. Vesna Pavlovic hefur umsjón með bókasafninu í vetur í fjarveru Ástu Bjarkar Björnsdóttur sem er í námsleyfi.

Nemendur mega fá lánaðar tvær bækur í einu (fyrir utan náms- og hljóðbækur) með þriggja vikna útlánstíma, nema annað sé tekið fram. Nemendur bera ábyrgð á bókunum sem þeir taka að láni.

Tvisvar á ári fá nemendur lista yfir bækur í vanskilum, sem þeir eiga að sýna heima, og er mælt með skjótri svörun og skilum. Foreldrar eru beðnir að tilkynna bókaverði ef bækur skemmast heima. Glataðar bækur þarf að greiða fyrir (1000 krónur, eða fullt verð fyrir nýjar bækur).

Um námsbækur

Á hverju ári fær skólinn ákveðna fjárupphæð til bókakaupa. Við úthlutun er gert ráð fyrir því að hver bók sé notuð í nokkur ár. Nemendur fá því flestar bækur sínar að láni á haustin og eiga að skila þeim aftur heilum og hreinum að vori.

Frístund

Frístund er starfrækt fyrir 1. – 4. bekk á vegum Borgarbyggðar. Frístundin er staðsett í færanlegri kennslustofu á lóð skólans. Opið er alla kennsludaga skólans frá lokum kennslu til kl. 16:15. Verðskrá fyrir vistunina má nálgast hjá Borgarbyggð. Forstöðumaður er Hugrún H Guðjónsdóttir.

Markmið Frístundar er að veita öruggt skjól í þroskavænu umhverfi. Lögð er áhersla á vellíðan, gleði og gaman.

Mötuneyti og nesti

Skólinn hefur verið eggja- og hnetulaus skóli frá haustinu 2021.

Nemendur fá ávexti í fyrstu frímínútum dagsins eða fyrir þær. Kjósi nemendur að taka með sér nesti eru þeir hvattir til að hafa það hollt og gott.

Hádegismatur er í boði og ókeypis fyrir alla nemendur. Matseðlar koma út fyrir hver mánaðarmót og er þá að finna á heimasíðu skólans.

Þeir nemendur sem taka með sér nesti til að snæða í hádegishléi, hafa aðstöðu til þess að matast í mötuneytinu. Á mið- og yngsta stigi er miðað við að nemendur taki með sér nesti sem ekki þarf að hita og þeir geti séð um sjálfir án aðstoðar.

Skólabílar

Í Borgarnesi gengur skólabíll ofan úr Bjargslandi og að biðskýli við Skallagrímsgarð.

Áhersla er lögð á það að skólabílar uppfylli þær kröfur sem lög og reglugerðir kveða á um. Nemendum úr dreifbýli er ekið í skólann að morgni og aftur til síns heima að lokinni kennslu.

Öryggisáætlun

Inn á vefsíðu skólans er að finna neyðar- og öryggisáætlun fyrir skólann. Þessi áætlun verður uppfærð í vetur.

Til hættuástands flokkast eldsvoði, jarðskjálfti, sprengjuhótun eða annað sem ástæða þykir til að rýma þurfi skólann. Reglulega eru haldnar æfingar í skólanum þar sem æfð er rýming á skólanum.

Óveður

Kennsla er að jafnaði ekki felld niður þótt veður sé slæmt. Það er hins vegar á valdi forráðamanna að meta hvort rétt sé að senda nemendur í skólann enda tilkynni þeir í skólann þá ákvörðun sína líkt og önnur forföll. Skólabílstjórar bera ábyrgð á akstri og er það því þeirra að meta hvort veður sé með þeim hætti að öruggt sé að ferðast. Þessa ákvörðun taka skólabílstjórar í samráði við skólastjóra. Í þeim tilvikum er ákvörðun um niðurfellingu aksturs tilkynnt forráðamönnum símleiðis. Komi til þess að nauðsynlegt reynist að fella niður kennslu vegna veðurs er það auglýst í útvarpi að morgni og á heimasíðu skólans.

Samvinna heimila og skóla

Samvinna heimila og skóla er mikilvæg til að styðja nám og vellíðan barna. Kennarar stuðla að samfelli í námi, taka mið af getu hvers nemanda og leggja áherslu á sjálfstæð vinnubrögð, siðferðisvitund og félagsfærni. Skólinn vinnur að því að efla samvinnu með kynningarfundum, foreldraviðtölum og reglulegri upplýsingamiðlun. Foreldrar hafa frumábyrgð á uppeldi, fylgjast með námi barna sinna og hvetja þau til árangurs. Virk þátttaka foreldra og gagnkvæm virðing milli skóla og heimilis er lykilatriði. Skólinn sendir vikulega út Vikufréttir og umsjónarkennarar senda föstudagspósta með upplýsingum um skólaverkefni komandi viku. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og verða þann 7. október og 12. febrúar.

